

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 2/2012****2012/EES/34/02****frá 10. febrúar 2012****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2011 frá 2. desember 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 648/2011 frá 4. júlí 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1266/2007 að því er varðar gildistímabil umbreytingarráðstafana varðandi skilyrðin fyrir því að undanþiggja tiltekin dýr brottfararbanninu sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 2000/75/EB <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/256/ESB frá 30. apríl 2010 um breytingu á ákvörðun 92/216/EBE að því er varðar birtingu skrárinnar yfir samræmingaryfirvöld fyrir keppnir dýra af hestaætt <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/433/ESB frá 5. ágúst 2010 um breytingu á ákvörðun 2004/558/EB um framkvæmd tilskipunar ráðsins 64/432/EBE um viðbótarábyrgðir, að því er varðar smitandi nef- og barkabólgu í nautgripum, vegna viðskipta innan Bandalagsins með nautgripi <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/633/ESB frá 22. október 2010 um breytingu á ákvörðun 93/152/EBE um viðmiðanir fyrir bóluefni sem nota skal gegn Newcastle-veiki í tengslum við kerfisbundnar áætlanir um bólusetningu <sup>(5)</sup>.
- 6) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/111/ESB frá 18. febrúar 2011 um að heimila Frakklandi, samkvæmt tilskipun ráðsins 92/66/EBE, að flytja dagsgamla kjúklinga og unghænur, sem komnar eru að varpi, út fyrir verndarsvæðið sem komið var upp vegna uppkomu Newcastle-veiki í sýslunni Côtes d'Armor <sup>(6)</sup>.
- 7) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/378/ESB frá 27. júní 2011 um breytingu á A-hluta XI. viðauka við tilskipun ráðsins 2003/85/EB að því er varðar landsbundnar rannsóknarstofur sem hafa leyfi til að meðhöndla lifandi gin- og klaufaveikiveiru <sup>(7)</sup>.
- 8) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Íslands.
- 9) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Löggjöf um heilbrigði dýra skal ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins eins og tilgreint er í ákvæðum til aðlögunar að EES-samningnum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 3, og EES-viðbætur við Stjútíð. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 3.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. ESB L 176, 5.7.2011, bls. 18.

<sup>(3)</sup> Stjútíð. ESB L 112, 5.5.2010, bls. 8.

<sup>(4)</sup> Stjútíð. ESB L 205, 6.8.2010, bls. 7.

<sup>(5)</sup> Stjútíð. ESB L 279, 23.10.2010, bls. 33.

<sup>(6)</sup> Stjútíð. ESB L 46, 19.2.2011, bls. 44.

<sup>(7)</sup> Stjútíð. ESB L 168, 28.6.2011, bls. 16.

*1. gr.*

Ákvæði I. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 21. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/216/EBE) í hluta 2.2:  
„– **32010 D 0256**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/256/ESB frá 30. apríl 2010 (Stjtið. ESB L 112, 5.5.2010, bls. 8).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1a (tilskipun ráðsins 2003/85/EB) í hluta 3.1:  
„– **32011 D 0378**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/378/ESB frá 27. júní 2011 (Stjtið. ESB L 168, 28.6.2011, bls. 16).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 40. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1266/2007) í hluta 3.2:  
„– **32011 R 0648**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 648/2011 frá 4. júlí 2011 (Stjtið. ESB L 176, 5.7.2011, bls. 18).“
4. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 46. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/838/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITTSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 3.2:  
„47. **32011 D 0111**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/111/ESB frá 18. febrúar 2011 um að heimila Frakklandi, samkvæmt tilskipun ráðsins 92/66/EBE, að flytja dagsgamla kjúklinga og unghænur, sem komnar eru að varpi, út fyrir verndarsvæðið sem komið var upp vegna uppkomu Newcastle-veiki í sýslunni Côtes d'Armor (Stjtið. ESB L 46, 19.2.2011, bls. 44).  
Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“
5. Eftirfarandi bætist við í 18. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/152/EBE) í hluta 4.2:  
„eins og henni var breytt með:  
– **32010 D 0633**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/633/ESB frá 22. október 2010 (Stjtið. ESB L 279, 23.10.2010, bls. 33).“
6. Eftirfarandi undirliður bætist við í 80. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/558/EB) í hluta 4.2:  
„– **32010 D 0433**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/433/ESB frá 5. ágúst 2010 (Stjtið. ESB L 205, 6.8.2010, bls. 7).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 648/2011 og ákvarðana 2010/256/ESB, 2010/433/ESB, 2010/633/ESB, 2011/111/ESB og 2011/378/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. febrúar 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

starfandi formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.